

**Sp.**

**92. Tillaga til þingsályktunar**

**[91. mál]**

um þjóðaratkvæði.

Flm.: María Jóhanna Lárusdóttir, Guðrún Agnarsdóttir,  
Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að tíundi hluti kosningabærra manna eða þriðjungur þingmanna geti farið fram á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál. Komi fram slík krafa um mál sem er til meðferðar á þingi skal fresta endanlegri afgreiðslu þess þar til þjóðaratkvæðagreiðslan hefur farið fram. Kjósendum skal gefinn eðlilegur tími til að kynna sér það mál er kjósa á um en niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar skal þó liggja fyrir eigi síðar en tólf vikum eftir að hennar er óskað.

**Greinargerð.**

Íslendingar búa við lýðræðislegt stjórnarfar eins og flestar aðrar vestrænar þjóðir. Í lýðræðishugtakinu felst að æðsta valdið sé hjá þjóðinni og að allur almenningur eigi að velja um þá kosti sem fyrir liggja um skipan og þróun þjóðfélagsins.

Fyrirum réðu Íslendingar ráðum sínum á opnu þjóðþingi þar sem teknar voru ákvarðanir er vörðuðu land og þjóð. Þegar fram liðu stundir þótti þetta form þungt í vöfum og óhagkvæmt og er stjórnarfar Íslendinga nú eins og margra annarra þjóða byggt á fulltrúalýðræði. Allir Íslendingar, sem hafa kosningarrétt, eiga rétt á að kjósa menn á Alþingi til að fara með stjórn samfélagsins fyrir sína hönd. Í stað þess að allir Íslendingar ráði ráðum sínum og taki sameiginlega ákvarðanir fela þeir fulltrúum sínum fullt vald til slíks. Í raun er um valdaframsal að ræða frá þjóðinni til fulltrúa hennar, alþingismanna, í ákveðinn tíma. Samkvæmt stjórnarskrá eru alþingismenn þó ekki bundnir af fyrirmælum umbjóðenda sinna í afstöðu til einstakra mála heldur eingöngu af sannfæringu sinni. Það er oft löng leið frá kjósanda til fulltrúa hans á þingi. Í almennum kosningum er kosið um fjölmörg mál í einu og þess ekki að vænta að þingmenn geti vitað um afstöðu umbjóðenda sinna í öllum málum. Það hefur því lengi tíðkast meðal lýðræðisríkja að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem kjósendur eru spurðir um afstöðu til einstakra mála, annaðhvort að ósk íbúanna, hluta þingmanna eða valdhafa. Þjóðaratkvæðagreiðsla er lifandi þáttur í stjórnarfari sumra ríkja eins og í Sviss sem byggir á langri hefð í þessum efnum. Á Norðurlöndum og víða í Evrópu hefur það færst í vöxt að slíkar kannanir fari fram í þeim málum er ætla má að skoðanir landsmanna séu skiptar um. Nægir að nefna sem dæmi atkvæðagreiðslu um inngöngu Norðmanna og Dana í Efnahagsbandalagið, áframhaldandi

dvöl Breta í því bandalagi og afstöðu Svía til kjarnorkumála. Hér á landi hefur engin þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram síðan 1944 en fram að þeim tíma sex sinnum frá árinu 1908. Í stjórnarskránni er aðeins í þremur tilvikum kveðið á um að mál skuli lögð undir dóm kjósenda. Það er þegar forseti synjar um staðfestingu á lagafrumvarpi, sbr. 26. gr., ef forseti er leystur frá störfum, sbr. 11. gr., og ef Alþingi samþykkir breytingu á kirkjuskipaninni, sbr. 79. gr. Hins vegar er ekkert í stjórnarskrá okkar er heimilar kjósendum eða hluta þingmanna að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu ef um ágreiningsmál er að ræða.

Í þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að hluti þjóðarinnar geti óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu, sem og hluti þingmanna. Samkvæmt tillögunni eru engin sérstök mál undanskilin slíkri ósk. Úrslit atkvæðagreiðslunnar eru ekki bindandi fyrir Alþingi en hins vegar má ætla að hún verði stefnumótandi og ráðgefandi fyrir Alþingi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að mál, sem vísað er til þjóðaratkvæðagreiðslu, hljóti ekki endanlega afgreiðslu í þinginu fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir. Þetta ákvæði er nauðsynlegt vegna þess að stuttur tími líður frá samþykkt frumvarps og þar til það hefur öðlast lagagildi með undirskrift forseta Íslands og gæti það torveldað framkvæmd málsins. Skylt er að láta atkvæðagreiðsluna fara fram innan tólf vikna frá því að krafan um hana kemur fram til að afgreiðsla málsins tefjist ekki um of, en þó skal gefa kjósendum nægan tíma til að kynna sér það mál er þeir eiga að kjósa um. Um framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu er eðlilegt að setja ákveðnar reglur ef þingmenn samþykkja þessa ályktun.

Í stjórnлагаfrumvarpi því, er Gunnar Thoroddsen lagði fram á Alþingi vorið 1983 og í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá sama tíma, er ákvæði um rétt kjósenda til að óska eftir ráðgefandi atkvæðagreiðslu um einstök málefni. Er þetta nýmæli skýrt með því að engin ákvæði séu í stjórnarskrá um rétt kjósenda til að óska eftir því að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um mikilsverð mál og því sé full ástæða til að taka upp ákvæði er tryggi alþingiskjósendum slíkan rétt. Hugmyndin er býr að baki þessari þingsályktunartillögu er því ekki ný af nálinni en ætla má að framkvæmd hennar dragist ef beðið er eftir þeirri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem nú fer fram og ekki sér fyrir endann á.

Í almennum kosningum er kosið um fjölmörg mál því hlýtur það að vera styrkur fyrir þingmenn að vita hver afstaða umþjóðenda þeirra er í einstökum málum. Það styrkir einnig íslenskt stjórnarfar ef ákvarðanir eru teknar í samræmi við þjóðarvilja. Þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir auknum lýðræðislegum réttindum Íslendinga og er það í samræmi við forna lýðræðishefð þjóðarinnar.